

Nefndasvið Alþingis
Umsögn og afgreiðsla byggðarráðs Norðurþings vegna
Þskj. 129 - 120. mál

Eftirfarandi er afgreiðsla byggðarráðs Norðurþings.

Sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa á annan áratug unnið að því að efla atvinnustig í héraði þar sem megin markmiðið hefur verið að örva hagvöxt og bæta lífsskilyrði íbúa í Þingeyjarsýslum. Nýting þeirrar miklu orku sem er þar að finna mun án efa skipta öllu máli fyrir framtíð svæðisins. Staðan í dag, eftir langa baráttu er sú að sameiginlegu umhverfismati er lokið, skipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum er lokið, mikil nýtanleg orka hefur verið staðfest með rannsóknum, skipulag iðnaðarsvæða er lokið og því fátt til fyrirstöðu annað en að ganga til samninga við orkukaupanda, einn eða fleiri.

Byggðarráð Norðurþings telur ákaflega mikilvægt að Alþingi brýni ríkisstjórn til dáða í þessum efnum og að mögulegt verði að ljúka samningum um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum sem allra fyrst. Byggðarráð leggur áherslu á að gengið verði til samninga við þá aðila sem sýnt hafa áhuga og hafa traust, eru ábyrgir og hafa fjárhagslegan styrk til atvinnuuppbyggingar í héraði Þingeyingum til heilla, landi og þjóð.

Kveðja,

Guðbjartur Ellert Jónsson
Fjármálastjóri - staðgengill sveitarstjóra
Norðurþing - Húsavík